



54. Körfuknattleiksping

13. mars 2021 · Reykjavík

Þingskjal nr. 1

Tillaga lögð fram af stjórn KKÍ um að núverandi lög KKÍ falli út og í staðin komi eftirfarandi:

Lög Körfuknattleikssambands Íslands

I. Heiti og tilgangur

1. gr. - Heiti og staðsetning

Körfuknattleikssamband Íslands [KKÍ] er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands [ÍSÍ]. Aðsetur og varnarþing sambandsins skal vera í Reykjavík.

Merki KKÍ er mynd- og orðmerki sem sýnir körfubolta með skammstöfunina KKÍ og er kominn hálfá leið gegnum gjörð. Bókstafirnir eru hvítir með bláum ramma á appelsínugulum bolta með bláum ramma. Gjörðin og netið sem úr henni hangir er blá.

Fáni KKÍ er hvítur með merki KKÍ fyrir miðju. Heiti sambandsins kemur fyrir ofan merkið. Fyrir neðan merkið er stofndagsetning KKÍ rituð.

2. gr. - Sambandsaðilar KKÍ

KKÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga.

3. gr. - Hlutverk og tilgangur KKÍ

KKÍ er æðsti aðili körfuknattleiksmála á Íslandi. Hlutverk sambandsins er í meginatriðum:

- a) að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála;
- b) að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi;
- c) að vera fulltrúi Íslands í Alþjóðakörfuknattleikssambandinu (FIBA);
- d) að setja íslenskum körfubolta lög og reglur og sjá til þess að þeim verði fylgt;
- e) að standa fyrir körfuknattleiksmótum á Íslandi;
- f) að koma fram erlendis fyrir hönd körfubolta á Íslandi; og
- g) að tefla fram landsliðum í alþjóðlegri keppni.

4. gr. - Hlutleysi

KKÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð. KKÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis í hvívetna. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum sambandsins án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

5. gr. – Jafnræði

KKÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og FIBA. Reglur og ákvarðanir KKÍ eru bindandi fyrir sambandsaðila KKÍ, hvort heldur félög, leikmenn, þjálfara, forystumenn og aðra þá sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ.

6. gr. – Vald KKÍ og FIBA

KKÍ og aðildarfélög þess skulu hlíta valdi FIBA vegna skipulagningar leikja og móta landsliða og félagsliða á alþjóðlegum vettvangi. KKÍ og aðildarfélög þess skulu ekki vera þátttakendur í leikjum eða mótum á alþjóðlegum vettvangi án samþykkis FIBA. KKÍ skal vera bundið af ákvörðunum FIBA um alþjóðlega landsleikjadaga.

II. Aðild að KKÍ

7. gr. – Réttur til aðildar

Öll félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í körfuknattleik eru aðilar að KKÍ.

8. gr. – Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Sérhvert aðildarfélag skal hafa rétt til þátttöku í skipulögðum mótum á vegum KKÍ, enda uppfylli það þátttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og reglugerðum KKÍ.

Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af KKÍ eða FIBA.

Félagi, sem tekur þátt í móti á vegum KKÍ, ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir KKÍ og FIBA.

Félagi, sem tekur þátt í mótum á vegum KKÍ, er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar KKÍ, nefnda KKÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Aðildarfélag skal senda KKÍ upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því að breyting á sér stað.

Aðildarfélög KKÍ eru bókhaldsskyld og ársreikningaskyld samkvæmt gildandi lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Reikningsár aðildarfélaga skal vera almanaksárið.

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmalaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum.

Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KKÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KKÍ.

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum sem falla undir lög þessi og taka þátt í körfuknattleikjum á vegum KKÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

III. Skipulag KKÍ

9. gr. – Stjórnkerfi KKÍ

Málefnum KKÍ stjórna:

- a) Körfuknattleiksþing sem fer með æðsta vald á málefnum KKÍ og setur lög.
- b) Stjórn KKÍ sem fer með æðsta vald í málefnum KKÍ á milli körfuknattleiksþinga.
- c) Fastanefndir KKÍ sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins.
- d) Sérstakar nefndir sem skipaðar eru og starfa að afmörkuðum málefnum.
- e) Formannafundir sem geta boðað aukþing.

10. gr. – Dómstig

Dómstig KKÍ eru:

- a) Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.
- b) Áfrýjunardómstóll KKÍ.

IV. Körfuknattleiksþing

11. gr. – Boðun körfuknattleiksþings

Körfuknattleiksþing skal halda á tímabilinu mars – maí annað hvert ár. Stjórn KKÍ ákveður þingstað og þingtíma.

Stjórn KKÍ boðar bréflega til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Boðun má einnig senda rafrænt með tölvupósti. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst fjórum (4) vikum fyrir þing. Skal KKÍ senda laganefnd erindi til yfirferðar og mats á hvort tillögur mæti formskilyrðum til þinglegrar afgreiðslu. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Þingboð og annað sem senda þarf sambandsaðilum vegna Körfuknattleiksþings má senda með rafrænum hætti.

Körfuknattleiksþing er lögumætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

12. gr. – Réttur til þingsetu

Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ.

Fulltrúafjöldi þeirra ákvarðast af þátttöku félaga í Íslandsmóti á því keppnistímabili sem Körfuknattleiksþing er haldið sem hér segir:

- a) Fyrir félag, sem spilar í úrvalsdeild karla eða 1. deild karla komi 2 fulltrúar
- b) Fyrir félag, sem spilar í úrvalsdeild kvenna eða 1. deild kvenna komi 2 fulltrúar
- c) Fyrir félag, sem spilar í 2. eða 3. deild komi 1 fulltrúi
- d) Fyrir félag sem skráir yngriflokka komi 1 fulltrúi
- e) Fyrir félag sem skráir 10 eða fleiri yngriflokka kemur 1 fulltrúi til viðbótar [2 fulltrúar fyrir yngriflokka]

Hámarksfjöldi fulltrúa hvers aðildarfélags er sex [6].

Héraðssambönd og íþróttabandalög sem hafa körfuknattleik iðkaðan innan sinna vébanda skulu eiga rétt á einum [1] fulltrúa á körfuknattleiksþing. Ekki er heimilt að framselja atkvæðisrétt þeirra.

Aðildarfélög sem eru í skuld við KKÍ viku fyrir upphaf þings, missa atkvæðarétt á þingi. KKÍ skal tilkynna þeim félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing að félagið fái ekki kjörbréf nema eldri skuldir séu gerðar upp. Kjörbréfanefnd ber að ganga úr skugga um að þessu ákvæði sé framfylgt.

Heimilt er að Körfuknattleiksþing sé pappírslaut sé unnt að koma því við.

Stjórn KKÍ skal skipa kjörnefnd eigi síðar en þremur [3] vikum fyrir körfuknattleiksþing og skal nefndin leggja fram tillögur til körfuknattleiksþing um nýja stjórnarmenn eins og lög gera ráð fyrir.

13.gr. – Kjörbréf

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Kjörbréf skulu send til aðildarfélaga þremur [3] vikum fyrir þing og skulu aðildarfélög skila inn kjörbréfum útfylltum til skrifstofu KKÍ viku fyrir þing.

Félögum er heimilt að skila kjörbréfum með rafrænum hætti.

Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði, en auk þess getur hann farið með eitt annað atkvæði samkvæmt skriflegu umboði. Þingfulltrúi getur ekki farið með atkvæði tveggja félaga, hvorki sem fulltrúi né með umboði. Þó er fulltrúa héraðssambands heimilt að hafa umboð frá félagi innan síns sambands.

Kjörnir fulltrúar í stjórn KKÍ geta ekki farið með atkvæðisrétt á ársþingi.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn og starfsmenn KKÍ
- b) Endurskoðendur KKÍ
- c) Framkvæmdastjórn ÍSí

- d) Framkvæmdastjórar KKÍ og ÍSÍ
- e) Allir nefndarmenn fastanefnda KKÍ
- f) Dómarar dómstóla áfrýjunardómstóls KKÍ
- g) Fulltrúi ráðherra íþróttamála
- h) Einn fulltrúi Körfuknattleiksdómarafélags Íslands
- i) Einn fulltrúi Körfuknattleikspjálfarafélags Íslands

Auk þess getur stjórn KKÍ boðið aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

14.gr. – Dagskrá Körfuknattleikspings

Dagskrá Körfuknattleikspings er:

1. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
2. Kosning starfsmanna:
 - a) Kosning kjörbréfanefndar.
 - b) Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - c) Kosning fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning fastra nefnda:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laganefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

- ÞINGHLÉ -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning formanns, fjórða hvert ár.
12. Kosning meðstjórnenda skv. b. lið 18. greinar.
13. Kosning sex manna í aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.
14. Kosning þriggja manna í Áfrýjunardómstól KKÍ og þriggja til vara.
15. Kosning tveggja endurskoðenda.
16. Kosning fulltrúa á Íþróttaping.
17. Þingforseta og þingritara falið að ganga frá þinggerð.
18. Þingslit.

Allir aðilar eru kosnir til tveggja ára, nema stjórn KKÍ til fjögurra ára í senn.

Ársskýrslu KKÍ, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, og þinggerð skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KKÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

15.gr. – Atkvæðagreiðsla

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á Korfuknattleikspingi, nema um lagabreytingar sé að ræða þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Atkvæði eru greidd með handauppréttingu. Ef 1/4 hluti þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu skal þingforseti verða við ósk þeirra.

Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

Við kosningu í stjórn, nefndir og dómstóla KKÍ skal einfaldur meirihluti ráða. Fáir þeir sem um er kosið jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

Allar kosningar á Korfuknattleikspingi í stjórn, nefndir og dómstóla eru leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kjósandi kys jafnmarga og kjósa skal.

Ákvarðanir Korfuknattleikspings skulu taka gildi þegar í stað nema annað sé ákveðið. Stjórn KKÍ skal ljúka gerð og birtingu nýrra reglugerða eða breytinga á reglugerðum, sem korfuknattleiksping samþykkir, innan fjögurra vikna frá þingi.

16.gr. – Aukaping

Kalla skal til aukapings ef nauðsyn krefur að mati stjórnar KKÍ eða helmingur sambandsaðila óskar þess skriflega við stjórn KKÍ.

Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukapings skal hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu, eða er forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef helmingur kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um aukaping sömu reglur og um reglulegt korfuknattleiksping.

V. Stjórn KKÍ

17.gr. – Skipulag stjórnar KKÍ

Stjórn KKÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum. Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga.

Stjórnin skiptir með sér verkum að tillögu formanns. Skipa skal fyrsta og annan varaformann úr hópi stjórnarmanna, ásamt gjaldkera. Formaður KKÍ boðar stjórnarfundi og annast fundarstjórn. Fundir stjórnar KKÍ skulu haldnir eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Óski

minnst þrír stjórnarmenn eftir stjórnarfundum skal til hans boðað eigi síðar en sjö dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn KKÍ skulu tilkynna það til kjörnefndar KKÍ eigi síðar en þremur vikum fyrir Körfuknattleiksþing. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal kjörnefnd hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi.

Stjórn KKÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum starfslýsingu.

Reikningsár KKÍ skal vera almanaksárið.

18.gr. – Kosning til stjórnar KKÍ

Stjórn KKÍ er kosin á körfuknattleiksþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt, sbr. 13. gr. Kosning skal fara þannig fram:

- a. Kosning formanns, fjórða hvert ár, til fjögurra ára í senn.
- b. Kosning níu fulltrúa í stjórn. Fjórir fulltrúar skulu kosnir annað hvert körfuknattleiksþing [fjórða hvert ár] og fimm fulltrúar annað hvert körfuknattleiksþing [fjórða hvert ár]. Hver fulltrúi skal kosinn til fjögurra ára í senn.

Þeir sem bjóða sig fram til setu í stjórn KKÍ skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla [kynferðisbrot] almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

Kosningar eru leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt, ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á.

Til þess að ná kjöri sem formaður KKÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo frambjóðendur, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða. Verði þeir jafnir skal kjósa á ný með sama hætti og verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

19.gr. – Starfssvið stjórnar KKÍ

Stjórn KKÍ fer með málefni körfuknattleikssambandsins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í góðu horfi. Undir starfssvið stjórnar KKÍ fellur meðal annars eftirfarandi:

1. Að framkvæma ályktanir körfuknattleikspingsins.
2. Að bera ábyrgð á fjármálum KKÍ, þ.m.t. að fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með rekstri sambandsins. Stjórn KKÍ skal ekki víkja frá samþykktri

fjárhagsáætlun nema hún telji gildar ástæður til og að fenginni umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar. Í því tilviki skal hún leggja fyrir á næsta ársþingi greinargerð með skýringum á frávikunum. Ákvarðanir um meiriháttar skuldbindingar skal bera undir Körfuknattleiksþingið eða aukaping.

3. Að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd.
4. Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
5. Að setja nauðsynlegar reglur og reglugerðir um körfuknattleiksmál á Íslandi.
6. Að hafa eftirlit með, að leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik séu jafnan í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
7. Að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
8. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur.
9. Að líta eftir því að lög og reglur KKÍ séu haldnar.
10. Að hafa yfirumsjón með körfuknattleiksmótum.
11. Að samþykkja alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
12. Að samþykkja þátttöku íslenskra körfuknattleikslíða í alþjóðamótum erlendis.
13. Að velja körfuknattleiksmann og körfuknattleikskonu ársins.
14. Að skipa fastanefndir og aðrar nefndir KKÍ, aðrar en þær sem kjörnar eru beinni kosningu á körfuknattleiksþingi.
15. Að koma fram innanlands og erlendis fyrir hönd körfuknattleikshreyfingarinnar í landinu.
16. Að ákveða þátttökugjöld fyrir hvert tímabil.
17. Að skera úr um ágreining eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi og/eða reglugerðir KKÍ ná ekki yfir.

Stjórn og/eða framkvæmdastjóri KKÍ líta eftir því að lög og reglugerðir KKÍ og leikreglur séu haldin og geta vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir KKÍ eru ekki fullnægjandi geta þau tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt viðurlögum er getur í lögum þessum eða öðrum reglum KKÍ.

Stjórn KKÍ og allir þeir sem fram koma á vegum KKÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma.

Stjórn KKÍ er heimilt að banna körfuknattleiksviðburði sem fara fram á sama tíma og stórleikir á vegum sambandsins.

Stjórn KKÍ hefur frjálstan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KKÍ.

20. gr. – Formaður KKÍ

Formaður KKÍ er, ásamt framkvæmdastjóra, málsvari sambandsins og ber ásamt stjórn ábyrgð á framkvæmd stefnumála, stefnumótunar og samþykkt ársþings. Formaðurinn skal kappkosta að ávallt séu sem best tengsl og samstarf milli sambandsins og aðildarféлага.

Formaður KKÍ annast samskipti við körfuknattleikssambönd annarra ríkja og álfusambönd. Hann kemur fram fyrir hönd KKÍ á alþjóðavettvangi og gagnvart FIBA.

Formaður KKÍ ber ábyrgð á samskiptum sambandsins við ríki, sveitarfélög, önnur sérsambönd og ÍSí.

Formaður KKÍ fær greitt fyrir störf sín og eru kjör ákveðin og samþykkt af stjórn KKÍ.

21. grein – Framkvæmdastjóri KKÍ

Stjórn KKÍ er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem er, ásamt formanni, málsvari sambandsins. Skal hann annast daglegan rekstur sambandsins og framfylgja stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir sambandið og er yfirmaður starfsmanna sem ráðnir eru til sambandsins.

Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn.

Framkvæmdastjóri skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, sbr. 18. gr. Allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu KKÍ skulu samþykktar af stjórn.

Framkvæmdastjóri KKÍ getur vísað brotum aðila á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ.

Ef ekki er framkvæmdastjóri starfandi hjá KKÍ skal formaður KKÍ sinna verkum framkvæmdastjóra í samræmi við framangreint.

Framkvæmdastjóri KKÍ fær greitt fyrir störf sín og eru kjör ákveðin og samþykkt af stjórn KKÍ.

22. gr. – Reglugerðir

Stjórn KKÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða. Allar reglugerðir skulu vera aðgengilegar og birtar á vefsíðu KKÍ.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt ákvörðun stjórnar KKÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og birtar á vef KKÍ.

Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar KKÍ.

VI. Nefndir KKÍ

23. gr. – Fastanefndir

Stjórn KKÍ skal strax að loknu körfuknattleikspingi skipa eftirtaldar nefndir:

1. Mótanefnd
2. Dómaranefnd

3. Afreksnefnd
4. Fjárhagsnefnd
5. Fræðslunefnd
6. Siðanefnd
7. Laganefnd

Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum, nema annað sé ákveðið í reglugerð. Stjórn KKÍ skal setja hverri nefnd reglugerð þar sem greint er frá hlutverki hvernar nefndar, starfssviði og verkefnum.

Stjórn KKÍ skal setja öllum nefndum skipunarbréf. Í upphafi starfsárs skulu nefndir gera starfsáætlun og skal hún lögð fyrir stjórn KKÍ til staðfestingar. Nefndir KKÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag nema stjórn KKÍ ákveði annað í skipunarbréfi. Stjórn KKÍ skal boða formenn nefnda og fulltrúa dómara eða þjálfara á stjórnarfund þegar þurfa þykir.

Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður KKÍ. Formaður fastanefndar boðar til funda og stýrir þeim. Hver nefnd skal setja sér starfsreglur sem stjórn KKÍ staðfestir.

Stjórn KKÍ skal gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum.

VII. Formannafundur

24.gr. – Formannafundur

Öll aðildarfélög KKÍ eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa á formannafund KKÍ. Þar eiga einnig sæti stjórnarmenn og starfsmenn KKÍ. Formannafundur er vettvangur umræðu um körfuknattleiksmál. Hann er stjórn KKÍ einnig ráðgefandi um lausn ýmissa mála, sem koma upp milli körfuknattleiksþinga. Stjórn KKÍ skal að leggja endurskoðaða ársreikninga og fjárhagsáætlun KKÍ fyrir formannafund það ár sem körfuknattleiksþing er ekki haldið. Þegar stjórn KKÍ hefur gefið út gjaldskrá vegna kostnaðar við dómara skal bera hana upp á formannafundi til samþykktar.

Aðildarfélög, sem eru í skuld við KKÍ við upphaf formannafundar, missir atkvæðarétt á fundinum. Stjórn KKÍ ber að ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.

Formannafundur skal boðaður minnst einu sinni á keppnistímabili. Formaður KKÍ boðar til fundar og stjórnar honum. Boðað skal til fundar með minnst einnar viku fyrirvara.

VIII. Aga- og úrskurðarnefnd

25.gr. – Aga- og úrskurðarnefnd

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra þremur mönnum. Skulu þeir kosnir á körfuknattleiksþingi til tveggja ára í senn.

Nefndin starfar skv. reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd og skulu a. m. k. þrír taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KKÍ og aga- og úrskurðarreglum KKÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ.

IX. Áfrýjunardómstóll KKÍ

26. gr. – Áfrýjunardómstóll KKÍ

Áfrýjunardómstóll KKÍ starfar skv. reglugerð KKÍ um áfrýjunardómstól. Hann skal skipaður þremur löglærðum einstaklingum og þremur löglærðum til vara.

Dómarar dómstólsins skulu kosnir á körfuknattleikspingi til setu fram að næsta körfuknattleikspingi. Dómstóllinn kýs sér forseta.

Þrír dómarar skulu dæma í hverju máli og skipar forseti í dóminn hverju sinni.

27. gr. – Lögsaga

Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarnefnd.

Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

28. gr. – Nánar um aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstól KKÍ

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda KKÍ, sem varða lög og reglugerðir KKÍ eftir því sem við á.

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstóll KKÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KKÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KKÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KKÍ og áfrýjunardómstól KKÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KKÍ að reka málið fyrir nefndum innan KKÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.

Ágreiningsmál aðila innan vébanda KKÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends körfuknattleikssambands skal fara með samkvæmt reglum FIBA og hefur FIBA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIBA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIBA er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins [*Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS*] í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði [*Code of Sports-related Arbitration*]. Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.

X. Ýmis ákvæði

29. gr. – Aðalfundir aðildarfélaga

Aðildarfélög KKÍ skulu tilkynna skrifstofu KKÍ tímasetningu aðalfundar, sé hann haldinn, með minnst viku fyrirvara. Einnig skulu ársskýrsla og fundargerð aðalfundar send skrifstofu KKÍ.

Þegar mynduð er ný stjórn skal senda þær breytingar til KKÍ í síðasta lagi tveim vikum eftir að stjórn er mynduð.

30. gr. – Slit KKÍ

Tillögur um að leggja KKÍ niður má aðeins taka fyrir á lögsmætu körfuknattleikspingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt öðru sinni, er það fullgild ákvörðun um að leggja KKÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig skuli ráðstafa eignum KKÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiksþróttinni í landinu.

31. gr. – Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á körfuknattleikspingi í mars 2021 og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og falla þá eldri lög úr gildi.

32. gr. – Tímabundið ákvæði

Kjósa skal stjórn KKÍ samkvæmt 18. grein laga þessara á körfuknattleikspingi 2021, þannig að formaður og fjórir stjórnarmenn verði kosnir til fjögurra ára, og fimm aðrir stjórnarmenn til tveggja ára.

Ákvæði þetta fellur út að loknu körfuknattleikspingi 2021.

Vísad til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld

Greinargerð með lögum KKÍ

Almennar athugasemdir

Núgildandi lög KKÍ voru sett á körfuknattleiksþingi í Skagafirði í maí 2011. Lögini tilgreina 22 greinar um starfsemi KKÍ, skyldur sambandsins og aðildarfélaga. Lögini hafa þjónað sínum tilgangi vel og hefur almenn sátt verið um þau. Þrátt fyrir ágæti laganna hefur KKÍ borist athugasemdir um inntak laganna á þeim rúma áratug sem liðinn er frá gildistöku þeirra, hvort heldur frá aðildarfélögum, ÍSÍ eða FIBA. Vegna þessa ákvað stjórn KKÍ að leita endurskoðunar hinna gildandi laga og skipaði til þess vinnuhóp sem samanstendur af Maríu Káradóttur, Sveinbirni Claessen og Þórólfi Þorsteinssyni, öll lögfræðingar að mennt. Nefndin hóf formlega störf mánudaginn 18. janúar 2021. Snorri Örn Arnaldsson, starfsmaður KKÍ, var nefndinni innan handar.

Tilgangur vinnuhópsins var sem fyrr segir að yfirfara gildandi lög sambandsins. Vinnuhópnum varð fljótlega ljóst að allnokkrar breytingar þurfti að vinna á gildandi lögum svo þau næðu því markmiði að endurspegla starfsemi KKÍ, hlutverk, inntak og skyldur þess gagnvart körfuknattleikssamfélaginu á Íslandi. Á það sama við um skyldur aðildarfélaga sambandsins. Með hliðsjón af þeim fjölda breytinga, sem þurfti að vinna á gildandi lögum svo lögini teldust fullnægjandi, taldi nefndin ráðlegast að semja drög að nýjum lögum auk vandaðrar greinargerðar í stað þess að vinna frumvarpsdrög til breytinga á einstaka greinum gildandi laga. Afrakstur vinnu nefndarinnar er að finna í frumvarpi þessu.

Við úrlausn verkefnisins kynnti vinnuhópurinn sér lög annarra sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi auk laga ÍSÍ. Auk laga ÍSÍ leit hópurinn einkum til laga KSÍ og HSÍ í því sambandi, enda nærtækast að líta til regluverks þeirra sérsambanda sem stendur KKÍ næst í þeim skilningi að öll samböndin iðka boltaíþróttir.

Frumvarp að nýjum lögum felur í sér veigamiklar breytingar frá gildandi lögum, bæði að efni til og form. Varðandi hið síðarnefnda geymir frumvarpið 31 ákvæði sem skipt er tíu kafla. Hver kafli frumvarpsins og hver grein þess bera heiti sem ætla er að endurspegla inntak kaflans/ákvæðisins, ólíkt því sem gildandi lög gera.

Um efnisþátt frumvarpsins og breytingar þess frá gildandi lögum vísast til eftirfarandi umfjöllunar um einstaka kafla og greinar þess.

Um I. kafla

Í I. kafla frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um KKÍ og hlutverk þess sem æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda ÍSÍ. Innan kaflans falla 1. – 3. gr. núgildandi laga, með breytingum þó, auk þess sem þremur nýjum greinum um hlutleysi, jafnræði og vald KKÍ er bætt við núgildandi lög.

Um 1. gr.

Í fyrstu grein frumvarpsins er að finna ákvæði um heiti sambandsins og staðsetningu. Fyrsta málsgrein er sú sama og 1. gr. núgildandi laga að því undanskildu að varnarþingi er bætt við málsgreinina.

Í annarri og þriðju málsgrein er merki KKÍ og fáni KKÍ útlistuð. Merki KKÍ er ekki skráð hjá Hugverkastofunni en áratugalöng notkun merkisins skapar því sérstöðu og er með notkun verndað af gildandi lögum um vörumerki.

Um 2. gr.

Ákvæðið tilgreinir sambandsaðila KKÍ, þ.e. héraðssambönd og íþróttabandalög landsins. Ákvæðið er efnislega sambærilegt 2. gr. gildandi laga sambandsins að því undanskyldu að síðari málsliður ákvæðisins um aðild félaga er felldur á brott. Er honum komið fyrir í II. kafla laganna með sérstakri lagagrein. Er það gert til áherslu um mikilvægi réttar félaga innan ÍSÍ til aðildar að KKÍ.

Um 3. gr.

Hlutverki og tilgangi KKÍ eru gerð skil í 3. gr. frumvarpsins. Í gildandi lögum eru hlutverk og tilgangur sambandsins útlistuð í þremur liðum, nánar tiltekið að vera yfirstjórn allra körfuknattleiksmála á Íslandi, að vinna að eflingu körfuknattleiks á landinu og vera fulltrúi FIBA. Hlutverk KKÍ er sannanlega annað og meira en gildandi lög kveða á um. Af þeirri ástæðu telur laganefnd mikilvægt að lög sambandsins lýsi starfsemi KKÍ með ítarlegri hætti en núgildandi lög gera. Með það í huga er í lagagreininni að finna nýmæli í liðum d) – g) sem greina frá því hlutverki sambandsins að setja lög og reglu og sjá til þess að þeim sé fylgt, að sambandið standi fyrir keppni í körfuknattleik á Íslandi, að koma fram fyrir hönd körfubolta á Íslandi á erlendri grundu og að landslið séu send til keppni. Er að sjálfsögðu átt við keppni í öllum aldursflokkum og landslið í þeim aldursflokkum sem FIBA skipuleggur keppni fyrir hjá báðum kynjum.

Þá smávægilegu breytingu er einnig að finna að FIBA Europe er tekið úr c) lið ákvæðisins enda um að ræða undirsamband Alþjóðakörfuknattleikssambandsins. Telur laganefnd óþarfi að tilgreina undirsamtökin sérstaklega.

Um 4. gr.

Fjórða grein frumvarpsins geymir það sjálfsagða ákvæði um að KKÍ skuli starfa sjálfstætt og algjörlega hlutlaust gagnvart utanaðkomandi áhrifum. Þá skal sambandið gæta jafnræðis og jafnréttis í hvívetna og skulu allir teljast jafnir fyrir regluverki KKÍ, óháð kynferði, kynferði, litarhætti, uppruna o.s.frv. KKÍ samþykkir ekki mismunum af neinum toga og er 4. gr. frumvarpsins ætlað að undirstrika það sjónarmið sambandsins.

Um 5. gr.

Samkvæmt ákvæðinu ber KKÍ – sem aðili ÍSÍ og FIBA – að gæta samræmis við reglur og ákvarðanir þeirra sambanda. Að sama skapi ber sérhverjum sambandsaðila KKÍ að hlíta reglum og ákvörðunum sambandsins.

Um 6. gr.

Í sjöttu grein frumvarpsins er að finna ákvæði um vald KKÍ gagnvart FIBA. FIBA eru æðstu samtök körfuknattleiks í heiminum. Sem sambandsaðili gengst KKÍ við lögum FIBA og skuldbindur sig til þess að fylgja þeim að öllu leyti. Í núgildandi lögum er ekki að finna ákvæði um að KKÍ felli sig undir regluverk FIBA. Í ljósi aðildar KKÍ að hinu alþjóðlegu körfuknattleikssamtökum þykir laganefnd rétt og eðlilegt að lög KKÍ geymi ákvæði um að sambandið skuldbindi sig til að hlíta valdi FIBA og fari ekki gegn þeim ákvörðunum sem FIBA tekur.

Um II. kafla

Annar kafli frumvarpsins fjallar um aðild að KKÍ, nánar tiltekið hverjir eigi rétt á aðild að sambandinu. Því til viðbótar er gerð grein fyrir réttindum og skyldum aðildarfélaganna í 8. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum er ákvæði um aðild að KKÍ en aftur á móti er hvergi vikið að réttindum og skyldum aðildarfélaganna. Laganefnd þykir mikilvægt að lög sambandsins

geymi sérstök ákvæði um réttindi og skyldur sem aðildarfélög fella sig undir. Einstök ákvæði innihalda óskráðar reglur sem fylgt hefur verið í framkvæmd, sumar hverjar frá stofnun sambandsins. Ákvæðum kaflans er ætlað að endurspegla heiðarleika í starfinu öllu, bæði innan vallar og utan.

Inntak inna óskrifuðu reglna ætti að óumdeilanlega að teljast mikilvægt. Til að endurspegla mikilvægið þykir laganefnd brýnt að festa í lög KKÍ þær skyldur sem aðildarfélögin gangast undir með aðild að sambandinu.

Ákvæði kaflans ætti ekki að vefjast fyrir í túlkun og í því ljósi telur laganefnd ekki þörf á að brjóta til mergjar í athugasemdum þessum inntak hvers þeirra.

Tekið skal fram að ákvæði 8. gr. frumvarpsins er í öllum meginatriðum tekin upp úr lögum KSÍ, að breyttum breytanda.

Um 7. gr.

Ákvæðið er efnislega hið sama og síðari málsliður 2. gr. nógildandi laga.

Um 8. gr.

Líkt og greinir í almennum athugasemdum um II. kafla geyma nógildandi lög KKÍ ekki ákvæði um skyldur aðildarfélaga. Þessi grein frumvarpsins felur í sér eina málsgrein um rétt aðildarfélaga um þátttöku í mótum á vegum KKÍ, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hinar átta málsgreinarnar fela í sér þær skyldur sem aðildarfélög taka að sér með aðild að KKÍ. Að mati laganefndar er um að ræða sjálfsagðar skyldur sem endurspegla tíðaranda nútímans. Þannig ber aðildarfélagi nú, líkt og endranær, að virða þær leikreglur sem sambandið setur og ákvarðanir sem teknar eru. Þá er lögð sú skylda á félögin að sjá til þess að félagsmenn sínir, hverju nafni sem þeir nefnast, geri slíkt hið sama.

Ákvæði frumvarpsins felur í sér þá skyldu aðildarfélaga að upplýsa KKÍ um stjórn og breytingar sem verða á stjórn. Rökin að baki ákvæðinu beinast augljóslega að gegnsæi og er ætlað að tryggja góðar samskiptaleiðir félagsins annars vegar og sambandsins hins vegar.

Í 6. mgr. frumvarpsins er að finna ákvæði um skyldu félaganna til að annast bókhald og ársreikninga líkt og gera ber samkvæmt gildandi lögum.

Þremur síðustu málsgreinum ákvæðisins byggja á sjónarmiðum um heilbrigðan og heiðarlegan íþróttaanda. KKÍ, rétt eins og íþróttahreyfingin í heild sinni, líður ekki óheiðarleiki í starfi sínu og kappkostar við að koma í veg fyrir og uppræta hvers kyns svindl. Þá leggur sambandið upp úr góðum og uppbyggilegum samskiptaháttum. Markmið ákvæðisins er augljóst og verður ekki náð nema með aðkomu aðildarfélaganna sjálfra. Með það að leiðarljósi þykir laganefnd bæði rétt og eðlilegt að aðildarfélög taki á sig skyldur sem af málsgreinunum leiðir.

Um III. kafla

Í þriðja kafla frumvarpsdraga er gerð grein fyrir skipulagi KKÍ, nánar tiltekið stjórnkerfi og dómstigum. Ákvæði kaflans eru tvö og eru í aðalatriðum þau sömu og 4. og 14. gr. nógildandi laga, sbr. þó athugasemdir um 9. gr. frumvarpsins að neðan.

Um 9. gr.

Gerð er grein fyrir stjórnkerfi KKÍ í 9. gr. frumvarps þar sem körfuknattleiksþingið fer með æðsta valds á málefnum sambandsins og setur lög þess. Í framhaldinu er greint frá öðrum greinum sambandsins í stíglækkandi röð eftir ábyrgð og ákvarðanavaldi. Nánar er gerð grein fyrir hverri grein stjórnskipan síðar í frumvarpinu. Ákvæðið er efnislega eins og 4. gr.

núgildandi laga að því undanskildu að frumvarpið greinir frá lögbundnu hlutverki fastanefndar KKÍ og sérstökum nefndum sem skipaðar eru að afmörkuðum málefnum („að hoc“).

Um 10. gr.

Ákvæðið er efnislega hið sama og 14. gr. núgildandi laga.

Um IV. kafla

Fjórði kafli frumvarpsins fjallar um körfuknattleiksþingið, æðsta stjórnstig innan KKÍ. Laganefnd þótti ástæða til að skerpa á þeim leikreglum sem gilda um þingið enda byggja þær að hluta til á ólögfestum venjum. Um sérhverja breytingu vísast til athugasemda hverrar greinar.

Um 11. gr.

Efnisinntak 11. gr. frumvarpsins er að finna í 5. gr. núgildandi laga, sbr. 5. og 6. mgr. ákvæðisins. Sú breyting er lögð til að frestur sambandsaðila, til að kynna fyrir stjórn þau málefni sem lögð skulu fyrir þingið, breytist úr þremur vikum í fjórum ásamt því að dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu skal lögð fyrir af stjórn KKÍ tveimur vikum fyrir þing í stað einnar viku áður. Á fyrri þingum hefur athugasemdum verið beint til sambandsins í þá átt að tímafrestir þykja skammir. Er með breytingu þessari leitast við að koma til móts við þá gagnrýni. Að mati laganefndar þykir ein vika til viðbótar í báðum tilvikum hæfileg lenging tíma.

Um 12. gr.

Tólfta grein frumvarpsins fjallar um réttinn til setu á Körfuknattleiksþinginu. Ákvæðið er í öllum aðalatriðum efnislega hið sama og 5. gr. núgildandi laga, þ.e. 1. – 4. og 7. – 9. mgr. að því undanskildu að fyrsti másl. 1. mgr. um að þingið fari með æðsta vald á málefnum KKÍ er felldur út og færður í 9. gr. frumvarpsins, sbr. fyrri umfjöllun. Þá er bætt við ákvæði um skyldu KKÍ að tilkynna því aðildarfélagi um skuld við KKÍ og að félagið fái ekki kjörbréf á þingið nema skuld sé greidd. Að öðru leyti er ákvæðið óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 13. gr.

Ákvæðið er hið sama og finna má í 6. gr. núgildandi laga. Þá viðbótar er þó að finna að kjörnir fulltrúar í stjórn KKÍ geta ekki farið með atkvæðisrétt á körfuknattleiksþinginu, verði frumvarpið samþykkt. Laganefnd þykir eðlilegra að einstaklingur, sem býður sig fram til starfa í stjórn KKÍ hafi starfsemi sambandsins að leiðarljósi fremur en félagsins sem hann er kenndur við eða starfar fyrir. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hvers kyns.

Um 14. gr.

Dagskrá Körfuknattleiksþings er gerð skil í 14. gr. frumvarpsins sem er efnislega sú sama og 8. gr. núgildandi laga að því undanskildu að tekin er út málsgrein um atkvæðagreiðslu. Er um hana fjallað í næstu grein frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Að mati laganefndar eru núgildandi lög ónákvæm að því er varðar leikreglur um atkvæðagreiðslu á Korfuknattleiksþingi. Reglur núgildandi laga er að finna í 3. mgr. 8. gr. og eru í ýmsu ófullkomnar. Þannig er ekki gerður greinarmunur í gildandi lögum á hvernig fara skuli með ákvarðanatöku einstakra málefna á þinginu, t.a.m. um samþykki ársreiknings KKÍ annars vegar og hins vegar kosningar í stjórn, nefnd eða dómstóla. Á þessu er eðlismunur þar sem eðlilegt er að ákvarðanir um málefni sambandsins séu öllum opinberar en kosningar einstaklinga til trúnaðarstarfa að sama skapi leynilegar. Gildandi lög taka ekki á þessu. Þá gefa gildandi lög enga vísbendingu um hvernig ákvarðanir skulu teknar, t.d. með munnlegu samþykki/höfnun, handauppréttingu, skriflega o.s.frv.

Tilgangur ákvæðisins er að afmarka með nákvæmum hætti hvernig ákvarðanir á Korfuknattleiksþingi eru teknar og straumlínulaga. Efnisinntak ákvæðisins byggir í reynd á því hvernig atkvæðagreiðslu hefur verið háttað í framkvæmd á þingi sambandsins undanfarin ár og áratugi, án þess þó að skipulagið hafi verið lögfest. Er ætlunin að ráða bót á nú.

Uppbygging ákvæðisins er með þeim hætti að í 1. mgr. er að finna almenna reglu um atkvæðagreiðslu. Skal hún gilda um öll málefni þingsins nema þau sem talin eru upp í eftirfarandi málsgreinum (2.-4. mgr.) Hin almenna regla 1. mgr. er sú að einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á þinginu nema um sé að ræða lagabreytingu. Þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Þau nýmæli er að finna í 1. mgr. – sem þó hefur verið stundað í framkvæmd á fyrri þingum – að atkvæði skuli greidd með handauppréttingu nema 1/4 hluti þingfulltrúa óski eftir skriflegri atkvæðagreiðslu. Með 1/4 hluta þingfulltrúa er átt við fjórðung þeirra atkvæða sem fulltrúar ráða yfir en fulltrúar geta haldið á fleiru en einu atkvæði með skriflegu umboði. Með þessu er samræmi milli 1. mgr. og 2. mgr. þar sem greinir frá 2/3 hluta atkvæða „viðstaddra fulltrúa“ jafnvel þótt orðalag málsgreinanna sé ekki nákvæmlega það sama.

Í 2. mgr. er að finna heimild um að taka fyrir mál á Korfuknattleiksþingi sem komið er fram eftir að dagskrá var send sambandsaðilum ef greidd eru með þeirri tillögu 2/3 hluti atkvæða viðstaddra fulltrúa.

Þriðja og fjórða málsgrein ákvæðisins fjallar um kosningu í stjórn, nefndir og dómstig. Í samræmi við almennu reglu 1. mgr. skal einfaldur meirihluti atkvæða ráða kosningu. Fáir þeir sem kosið er um jafnmörg atkvæða skal kosið um þá frambjóðendur eingöngu með bundinni kosningu. Verði þeir jafnir á ný ræður hlutkesti úrslitum.

Ólíkt almennu reglunni í 1. mgr. um handauppréttingu gildir um kosningar í stjórn, nefndir og dómstóla að kosning skal vera leynileg. Ekki er heimilt að kjósa aðra en þá sem í framboði er. Atkvæði um aðra en frambjóðendur skulu vera ógild.

Um kosningu formanns gildir hið sama og um kosningar almennt þar sem meirihluta greiddra atkvæða þarf til að ná kjöri. Ný kosning skal fara fram náist ekki meirihluti í fyrstu kosningu. Séu tveir jafnir eftir fyrstu kosningu skal önnur kosning fara fram og að lokum hlutkesti ef önnur kosning sker ekki úr um úrslitin.

Að síðustu er þess getið að laganefnd taldi ekki ástæðu til að binda kosningar við lágmarkspáttöku á Korfuknattleiksþingi.

Um 16. gr.

Í gildandi lögum er að finna ákvæði um aukaping, nánar tiltekið 7. gr. laganna. Samkvæmt henni má halda aukaping ef nauðsyn krefur í tveimur aðstæðum. Annars vegar ef 2/3 hluti formannafundar, sem mætir til löglegs boðaðs formannafundar, óskar þess og hins vegar ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Laganefnd gerir tillögu um breytingu á gildandi

ákvæði á þá leið að felld verði úr lögnum heimild 2/3 hluta formannafundar að óska eftir aukapingi. Þess í stað verði stjórn KKÍ veitt heimild til að kalla saman aukaping. Heimild um ósk helmings sambandsaðila að kalla saman aukaping skal standa óbreytt.

Rökin að baki framangreindri tillögu er sú að veita aukið svigrúm til að boða til aukapings um aðkallandi málefni. Í gildandi lögum hefur stjórn KKÍ engin úrræði til að boða til aukapings, jafnvel þótt brýnt tilefni væri til. Heimildin um ósk eftir aukapingi er þannig einungis í höndum sambandsaðila í reynd. Að mati laganeftndar er mikilvægt að stjórn KKÍ hafi heimild til að kalla eftir aukapingi þegar nauðsyn krefur. Eðli máls samkvæmt ber stjórn sambandsins að nýta heimildina ekki nema í undantekningartilfellum.

Þá er til þess að líta að með breytingunni lítur laganeftnd svo á að ekki halli á sambandsaðila enda hafi þeir enn heimild til að kalla til aukapings ef helmingur sambandsaðila óskar eftir skriflega við stjórn KKÍ. Ber stjórn að sjálfsgöðu að verða við kröfunni.

Að öðru leyti er ákvæði frumvarpsins efnislega hið sama og 7. gr. núgildandi laga, að breyttum breytanda.

Um V. kafla

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um stjórn KKÍ; skipulag, starfssvið og kosningu til stjórnar, ásamt sérstökum ákvæðum um hlutverk og skyldur formanns og framkvæmdastjóra. Þá er í lok kaflans að finna ákvæði um reglugerðir. Í gildandi lögum er ekki að finna heildstætt ákvæði sem lýtur sérstaklega að kosningu til stjórnar en í stað þess að spyrða því við 15. gr. í IV. kafla frumvarpsins, um atkvæðagreiðslu á körfuknattleiksþingi, er talið að uppsetning sem þessi sé skýrari. Þá hafa gildandi lög ekki að geyma sérstakt ákvæði um ábyrgð og hlutverk framkvæmdarstjóra en þar sem heimild stendur til þess að ráða slíkan til starfa hjá KKÍ þykir rétt að skilgreina í lögum hlutverk og ábyrgð viðkomandi í starfi.

Um 17. gr.

Ákvæðið er efnislega sambærilegt 9. gr. gildandi laga en að auki er bætt við umfjöllun um skipulag á fundum stjórnar. Þá er sú breyting lögð til að þeir sem ætli að gefa kost á sér til setu í stjórn KKÍ skuli tilkynna það til kjörneftndar eigi síðar en þremur vikum áður í stað tíu dögum, líkt og kveðið er á um í lögnum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 18. gr.

Rétt þykir, í ljósi sérstöðu stjórnar KKÍ innan sambandsins, að setja sérstakt ákvæði um kosningu til stjórnar. Í ákvæðinu er meðal annars kveðið á um að þeir sem bjóði sig fram til setu í stjórn KKÍ skuli vera lögráða, fjár síns ráðandi og megi ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknad samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða samkvæmt skattalögum. Þá er í samræmi við ákvæði 5. gr. laga ÍSÍ óheimilt að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna kynferðisbrota, sbr. ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, til starfa innan vébanda KKÍ. Verður að telja þetta eðlilegar kröfur til þeirra sem skipa stjórn KKÍ og leiði meðal annars til þess að auka enn frekar traust til þeirra sem veljast til starfans.

Lögð er til sú efnislega breyting frá framkvæmdinni í dag að formaður og stjórnarmenn séu kosnir til fjögurra ára í senn í stað tveggja, líkt og nú er gert. Um ræðir fyrir mæli frá FIBA sem gerir þá kröfu að kjörtímabil sé fjögur ár og að lög aðildarsambanda tilgreini slíkt. Taka frumvarpsdrög mið af því.

Í tengslum við framangreint er lagt til að helmingur stjórnarmanna [4] verði kosinn á öðru hverju þingi og hinn helmingur stjórnarmanna [5] kosinn á næsta þingi á eftir. Þannig megi tryggja eðlilega endurnýjun helmings stjórnarmanna fjórða hvert ár sem að mati nefndarinnar er eðlilegri framkvæmd og skilvirkari en ef kosið yrði til nýrrar stjórnar í heild fjórða hvert ár.

Um 19. gr.

Ákvæði um starfssvið KKÍ er að finna í 12. gr. núgildandi laga sem er nú sett fram með samskonar hætti. Þær viðbætur sem er nú að finna í ákvæði frumvarpsins, án þess þó að um tæmandi talningu sé að ræða, er að stjórn KKÍ beri ábyrgð á fjármálum KKÍ, þ.m.t. að fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun og hafa eftirlit með rekstri sambandsins, setja nauðsynlegar reglur og reglugerðir um körfuknattleiksmál á Íslandi, velja körfuknattleiksmann og körfuknattleikskonu ársins og skipa fastanefndir og nefndir KKÍ aðrar en þær sem kjörnar eru beinni kosningu á körfuknattleiksþingi. Þá var liður 14 sem finna er í 12. gr. gildandi laga færður undan upptalningu á starfssviði stjórnar og í sér málsgrein í ákvæði frumvarpsins. Þá er því einnig bætt við að stjórn KKÍ og allir þeir sem fram koma á vegum KKÍ skuli fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma.

Um 20. gr.

Í ákvæðinu er greint frá skyldum og ábyrgð formanns KKÍ. Í gildandi lögum er lítið sem ekkert fjallað um hlutverk og ábyrgð formanns og því þykir rétt að lögfesta sérstakt ákvæði til að skerpa á framangreindu. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 21. gr.

Samkvæmt 9. gr. gildandi laga er stjórn KKÍ heimilt að ráða launað starfsfólk til starfa hjá sambandinu, þar á meðal framkvæmdastjóra, en að öðru leyti er ekki fjallað frekar um starf hans eða ábyrgð. Í ákvæðinu er meðal annars kveðið á um að framkvæmdastjóri skuli annast daglegan rekstur sambandsins og framfylgja stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri skuli hafa prókúru fyrir sambandið og er yfirmaður starfsmanna sem ráðnir eru til sambandsins. Óvenjulegar eða mikils háttar ákvarðanir teljist ekki til daglegs reksturs og því er það gert að skilyrði að slíkar ákvarðanir séu háðar sérstakri heimild frá stjórn KKÍ. Þá er gerð sama krafa um hæfisskilyrði framkvæmdastjóra líkt og um stjórnarmenn, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Enn fremur skuli meiriháttar skuldbindingar af hálfu KKÍ samþykktar af stjórn.

Um 22. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 13. gr. gildandi laga um reglugerðir. Þótti hins vegar rétt að skerpa á því hvernig aðgengi og birtingu þeirra skyldi háttað. Þá er lögð til sú breyting að í stað þess að reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum tækju gildi um leið og þær eru sendar aðildarfélögum með rafrænum hætti að þá tækju þær gildi samkvæmt ákvörðun KKÍ.

Markmiðið með þessari breytingu er meðal annars að tryggja aðildarfélögum aðlögunartíma ef þörf telst á. Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

Um VI. kafla

Gildandi lög geyma eitt ákvæði um nefndir á vegum KKÍ, nánar tiltekið 10. gr. Nefndir sambandsins eru í dag sex. Gerð er sú tillaga að við bætist laganefnd sem í megindráttum er ætlað að vera stjórn KKÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins, sbr. nánar í athugasemdum um 23. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Ákvæðið er efnislega hið sama og 10. gr. núgildandi laga að því undanskyldu að lagt er til að laganefnd verði eftirleiðis meðal nefnda sambandsins. Hlutverk nefndarinnar yrði að meginstefnu til að vera stjórn KKÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins og innan handar við breytingar á reglugerðum og við setningu nýrra reglugerða. Þá er hlutverk nefndarinnar einnig hugsað að ná til þess að fara yfir tillögur sem berast fyrir körfuknattleiksþing og leggja mat á hvort þær séu rétt upp settar og uppfylli formkröfur til þinglegrar afgreiðslu.

Regluverk KKÍ, og í reynd allt starf sambandsins þar sem reynir á lög og reglur, er slíkt að umfangi að frumvarpshöfundar telja brýnt að stjórn sambandsins geti leitað til fastrar nefndar, sem skipuð er löglærðum einstaklingum, sér til ráðgjafar. Aðstæður, þar sem bregðast þarf snögg við, kunna að koma upp og undir þeim kringumstæðum er að sjálfsgöðu brýnt fyrir stjórn að hafa aðgang að nefnd á borð við þá sem hér er lögð til að verði stofnuð. Aukinheldur skapar slík nefnd frekari festu í starfi sambandsins.

Laganefnd telur að í stað þess að festa í lög sambandsins hlutverk og verkefni hveðrar nefndar sé heppilegra að slíkt sé skrásett í reglugerðum hverju sinni, líkt og nú er gert. Er í samræmi við það að finna í frumvarpsgreininni fyrir mæli þess efnis að KKÍ skuli setja hverri nefnd reglugerð þar sem greint sé frá hlutverki hennar og verkefnum.

Með frumvarpsgreininni er einnig gerð sú tillaga að fest verði í lög sú venja að formaður hveðrar fastanefndar skuli vera stjórnarmaður KKÍ. Ekki er um að ræða efnislega breytingu frá þeirri áralöngu framkvæmd sem verið hefur hvað þetta snertir.

Að síðustu er gert ráð fyrir að nefndir á vegum sambandsins séu skipaðar einstaklingum af báðum kynjum. Þessi viðbót við gildandi lög þarfnast ekki skýringar.

Um VII. kafla

Sjöundi kafli frumvarpsins fjallar um formannafund. Vísað er til athugasemda um báðar greinar kaflast til nánari skýringar.

Um 24. gr.

Ákvæðið er efnislega hið sama og 11. gr. núgildandi laga. Lagðar eru til þrjár breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að ekki einungis stjórnarmenn KKÍ eigi sæti á formannafundi heldur einnig starfsmenn. Starfsmenn KKÍ, sem ekki [allir] eiga sæti í stjórn sambandsins fara með dagleg málefni þess og gjörþekkja starfsemina. Innlegg þeirra og sjónarmið á formannafundi ætti samkvæmt því að vera fundarmönnum til upplýsingar og gagns. Þykir nefndinni rökrétt að starfsmenn sambandsins eigi rétt til fundarsetu í því ljósi. Í annan stað er í greininni að finna þau nýmæli í þá átt að aðildarfélög, sem eru í skuld við KKÍ við upphaf formannafundar, missir atkvæðisrétt á fundinum. Efnislegt inntak ákvæðisins ætti að vera skýrt og ekki þurfa útskýringar. Markmið og tilgangur ákvæðisins er

að sjá til þess að aðildarfélög standi skil á fjárhagslegum skuldbindingum sínum gagnvart sambandinu að viðlögðum þeim viðurlögum sem í ákvæðinu er að finna.

Loks er í niðurlagi greinarinnar bætt við ákvæði um að formannafundur skuli haldinn a.m.k. einu sinni á keppnistímabili og hann boðaður og stýrður af formanni KKÍ.

Um VIII. kafla

Aga- og úrskurðarnefnd er gerð skil í áttunda kafla frumvarpsins. Um ræðir sama ákvæði og í 15. gr. núgildandi laga með tveimur orðalagsbreytingum.

Um 25. gr.

Líkt og greinir að framan í almennum athugasemdum um VIII. kafla er aga- og úrskurðarnefnd gerð skil í 15. gr. núgildandi laga. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir neinum efnislegum breytingum frá gildandi lögum. Eina breytingin felst í orðalagi sem samræmist reglum um málfærði, þ.e. að nefndin starfi skv. „reglugerð um“ aga- og úrskurðarnefnd í stað þess að nefndin starfi skv. „aga- og úrskurðarreglum KKÍ“.

Um IX. kafla

Níundi kafli frumvarpsins fjallar um áfrýjunardómstól KKÍ. Í 16. – 19. gr. núgildandi laga er gerð grein fyrir dómstólum. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir neinum efnislegum breytingum frá gildandi lögum. Lagt er til að ákvæði um dómstólinn verði þrjú í stað fjögurra með því að ákvæði 16. og 17. gr. núgildandi laga verði dregin saman í eitt, þ.e. 26. gr. frumvarpsins. Þá eru gerðar smávægilegar orðalags- og málfarsbreytingar sem engin efnisleg áhrif hafa á inntak greinanna frá því sem nú er.

Um 26. gr.

Vísað er til almennra athugasemda um IX. kafla.

Um 27. gr.

Vísað er til almennra athugasemda um IX. kafla.

Um 28. gr.

Vísað er til almennra athugasemda um IX. kafla.

Um X. kafla

Síðasti kafli frumvarpsins geymir önnur ákvæði sem 20. – 22. gr. núgildandi laga fanga. Engar breytingar eru gerðar frá þeim ákvæðum og er því ekki þörf á skýringum.

Um 29. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Vísað er til skýringa við 18. gr., þar sem kosningu til stjórnar er breytt vegna kröfu frá FIBA. Réttast þykir að kosið verði til stjórnar samkvæmt ákvæðum þessara laga.



54. Körfuknattleiksping

13. mars 2021 · Reykjavík

Þingskjal nr. 2

Breytingar á 15. gr. um erlenda leikmenn í reglugerð um körfuknattleiksmót.
Eftirfarandi texti kemur í stað 15. greinar.

„Í úrvalsdeild karla og kvenna og 1. deild karla og kvenna skulu alltaf vera a.m.k. þrír leikmenn sem eru uppaldir hjá félögum innan KKÍ [homegrown] á leikvelli samtímis. Hverju liði er aldrei heimilt að vera með fleiri en einn erlendan leikmann á leikvelli sem ekki er ríkisborgari lands innan EES-ríkis [ESB] og telst ekki sem Bosman-A leikmaður skv. lögum UTL hverju sinni. Regla þessi gildir fyrir lið sem eru á suðvesturhorn landsins, sé lið utan suðvesturshorns skulu alltaf vera a.m.k. tveir leikmenn sem eru uppaldir hjá félögum innan KKÍ.

Í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gilda sömu reglur og um úrvalsdeild karla og kvenna og 1. deild karla og kvenna.

Uppaldir leikmenn teljast þeir sem hafa spilað og æft körfubolta innan félaga KKÍ í þrjú ár hið minnsta frá og með árinu sem leikmaðurinn verður 13 ára til og með árinu sem hann verður 21 árs eða er með íslenskt ríkisfang.

Erlendur ríkisborgari sem hefur samkvæmt Þjóðskrá haft lögheimili á Íslandi samfelld í þrjú ár telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ, búsetuvottorð frá Þjóðskrá. KKÍ staðfestir að hann teljist með íslenskum ríkisborgurum samkvæmt þessari reglugerð. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina og skal miða við fyrsta leik í móti á vegum KKÍ [Íslandsmót, bikarkeppnir eða önnur mót/leikir á vegum KKÍ], nema að fenginni undanþágu aga- og úrskurðanefndar.

Félögum er heimilt að sækja um undanþágu varðandi þriggja ára fasta búsetu til stjórnar KKÍ telji það sig hafa fyrir því haldbær rök að viðkomandi leikmaður sé búinn að skapa sér heimili til framtíðar á landinu.

Til suðvesturhorns landsins teljast lið sem eru á atvinnusvæði höfuðborgarsvæðis, frá og með Selfossi / Þorlákshöfn í austri til og með Borgarnesi í vestri.

Brjótí félag gegn þessari reglu telst félag hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.“

Lagt fram af KKD Vals, KR, Hauka og Stjórnunnar.

Greinagerð með reglugerðarbreytingu um erlenda leikmenn:

Á undanförunum árum hafa leikmínútum og vægi uppallinna leikmanna innan félaga KKÍ minnkað verulega. Nú er svo komið að uppaldir leikmenn spila rétt um helming leiktímans og taka nokkuð innan við helming allra skota og frákasta. Miðað við þá reglugerðabreytingu sem lögð er til má gera ráð fyrir að uppaldir leikmenn leiki tæplega 60% leiktímans.

Helstu ástæður fyrir þessari tillögu að breytingu eru eftirfarandi:

1. Vægi uppallinna leikmanna minnkar stöðugt og tækifæri ungra leikmanna eru mjög takmörkuð. Af tölfræði tímabilanna 2019-2020 og 2020-2021 má glögglega sjá að tækifæri leikmanna undir 21 árs aldri eru fá, sem leiðir af sér brottfall úr efstu deild og með keðjuverkun áfram niður. Hlutverk uppallinna leikmanna er í auknu mæli að hvíla erlenda leikmenn, nýta villur sínar eða spila mínútur sem skipta litlu máli um úrslit leikja (rusl mínútur). Af 20 stigahæstu mönnum Dominos deildar karla er aðeins 1 uppallinn leikmaður. Svipuð tölfræði kemur þegar aðrir tölfræðiþættir eru skoðaðir, sbr. fráköst eða framlag leikmanna. Í fyrstu deild karla eru aðeins tveir af 20 stigahæstu mönnum uppaldir. Sú staðreynd blasir við að vægi uppallinna leikmanna hefur minnkað mikið og mun það hafa áhrif á tækifæri þeirra og styrk. Það sem af er tímabilinu 2020-2021 eru 33 uppaldir leikmenn sem spila 20 leikmínútur eða meira í leik að meðaltali og er meðalaldur þeirra tæp 29 ár. Aðeins þrír leikmenn sem leika 20 leikmínútur eða meira eru 21 árs eða yngri. Alls eru um 144 leikmenn í Dominos deild karla, þar af tæplega 50 erlendir. Erfitt er að sjá hvernig ungir leikmenn eiga að fá tækifæri til að þroska hæfileika sína ef þeir fá takmarkaða möguleika til að spreyta sig á velli. Vert er að minnast þess að flestir núverandi landsliðsmenn Íslands eru aldir upp í 4+1 reglunni og fengu flestir tækifæri ungir með sínum félagsliðum. Í síðasta A-landsliðhópi Íslands í körfuknattleik voru 8 af 13 leikmönnum sem spila á Íslandi.
2. Ef áframhald verður á takmörkuðum leikmínútum uppallinna leikmanna og minnkandi vægi þeirra í liðum, er eðlilegt að spyrja um hvort áherslu liða við að halda uppi markvissu starfi í yngri flokkum muni minnka. Fjölmargir hafa áhyggjur af þeirri þróun að áherslur liða á markvisst yngri flokka starf muni minnka. Þá er ekki síður áhyggjuefni að áhuga yngri leikmanna muni minnka (sbr. drengja- og unglingsflokkur) vegna þessa að iðkendur sjá þá þróun sem orðin er og meta að tækifæri sín takmörkuð. Einn meginþáttur yngri flokka starfs er að ala upp framtíðar meistaraflokksleikmenn.
3. Önnur rök sem ítrekað hafa komið fram í gegnum tíðana eru aukin kostnaður félaga vegna fjölda erlendra leikmanna og hættan er sú að félagslið sem borin eru uppi af sjálfboðaliðum þurfa að meta hvort þau hafi burði til að bera lið í efstu deild karla og kvenna. Hætt er við að félögum sem tefla fram liðum í efstu deild kvenna og karla muni fækki með sama áframhaldi þar sem fjárhagur liða leyfir ekki að bera lið í báðum efstu deildum. Rétt er að taka fram að fleiri uppaldir leikmenn eru í efstu deildum kvenna en karla og tækifæri yngri leikmanna meiri í kvennaboltanum. Lið virðast leggja meira kapp á að fjölga erlendum leikmönnum karlamegin en kvennamegin. Þau lið sem hafa lið í efstu deild karla og kvenna eru með fleiri uppaldum leikmönnum í sínum liðum en meðaltal, sú hættan er raunveruleg að lið þurfa að velja hvort karla eða kvennaliðið eigi að vera í fremstu röð með tilheyrandi tjóni fyrir uppbyggingu körfuboltans á Íslandi.

Skortur á tækifærum fyrir uppaldum leikmönnum er ekki bara áhyggjuefni á Íslandi, heldur einnig í flestum löndum Evrópu og þó víðar væri leitað. Þetta kemur skýrt fram í árlegri skýrslu FIBA um erlenda leikmenn (International Basketball Migration Report). Þar, líkt og í árlegu skýrslunni undanfarinn áratug, er lýst yfir þungum áhyggjum yfir því að ungir uppaldir

leikmenn fái lítil tækifæri. Leiktími þeirra er að jafnaði tæplega 15% í öllum deildum og meðalfjöldi spilaðra mínútna um 5 mínútur, svipað og hér á landi. Flest lönd hafa brugðist við en á ólíkan hátt. Megin stefið er þó að fastsetja ákveðinn fjölda uppaldra leikmanna annað hvort á skýrslu eða á leikvelli í hverjum leik.

Þegar horft er til þess að flest Evrópulönd eru með einhverjar takmarkanir á fjölda erlendra leikmanna þá má vera ljóst að körfuknattleikssambönd landanna hafa svigrúm til þess að setja eigin reglur óðháð reglum um frjálst flæði vinnuafis á EES svæðinu. Í Póllandi mega t.d. eingöngu 3 erlendir leikmenn vera á leikvelli samtímis og það verða að vera að lágmarki 6 uppaldir leikmenn á leikskýrslu. Í Svíþjóð og Finnlandi mega að hámarki vera 4 erlendir leikmenn á skýrslu hjá hverju liði. Í Noregi verða alltaf að vera tveir norskir ríkisborgarar á leikvelli. Hvert félag má vera með tvo leikmenn utan EES og ótakmarkaðan fjölda EES leikmanna, svo lengi sem að það eru alltaf tveir norskir ríkisborgarar á leikvellingum. Löndin beita ólíkum aðferðum en niðurstaðan er alltaf sú sama, þ.e. að tryggja að ákveðinn fjöldi uppaldra leikmanna eða ríkisborgarar landanna sé á leikvelli á hverjum tíma.

Til að gæta jafnræðis er gert ráð fyrir í tillögu þessari að lið utan suðvesturhorns landsins geta haft fleiri erlenda leikmenn á velli á hverjum tíma en lið á suðvesturhorni landsins. Þetta er gert til að mæta sjónarmiðum liða utan suðvesturhornsins þar sem þau hafa minni möguleika á að fá til sín leikmenn vegna staðsetningu skóla og atvinnutækifæra, o.s.frv.

Markmið tillögu þessarar er í grunninn tvíþætt:

1. Auka tækifæri, leikmínútur og hlutverk uppallinn leikmanna til að skapa fyrirmyndir.
2. Auka þroskatækifæri ungra leikmanna til að gefa þeim tækifæri til að þroskast sem framtíðar landsliðsmenn og fyrirmyndir.

Það er mat þeirra sem standa bak við breytingatillögu þessa að sú þróun sem verið hefur á hlutverki og leiktíma uppallinna leikmanna sé skaðleg fyrir uppbyggingu körfuknattleiks á Íslandi, ef litið er til heildarinnar. Því fyrr sem gripið er til aðgerða því minni verður skaðinn. Með tillögu þessari er reynt að mæta sjónarmiðum sem flestra; 1) auka hlutverk uppallinna leikmanna, 2) auka tækifæri yngri leikmanna, 3) gefa liðum tækifæri á að styrkja sig með erlendum leikmönnum og bæta þannig gæði liða og leiksins, 4) að gefa liðum utan suðvesturhornsins aukin tækifæri til að bæta við sig erlendum leikmönnum.

Það er von þeirra sem standa bak við þessa tillögu að forráðamenn liða horfi til framtíðar uppbyggingar körfuknattleiks í heild frekar en hagsmuna tiltekinna liða á einu tímabili.

Vísad til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



54. Körfuknattleiksping

13. mars 2021 · Reykjavík

bingskjal nr. 3

Tillaga um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót lögð fram af Körfuknattleiksdeild UMFK á körfuknattleikspingi þann 13. mars 2021.

Lagt er til að nýrri málsgrein verði bætt við 14. gr. reglugerðarinnar sem eftir breytingar myndi hljóða svo:

14. grein

FLOKKASKIPTING OG ALDUR LEIKMANNA

Aldur leikmanns miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót er honum heimilt að leika með unglingsaflokki út tímabilið en flutningur milli flokka skal fara fram í september ár hvert.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna skulu gengnir upp úr 8. flokki.

Mótanefnd KKÍ getur leyft keppni liðs í Íslandsmóti sem er annaðhvort kynjablandað eða skipað leikmönnum af gagnstæðu kyni frá minnibolta 10 ára upp í 9. flokk. Slíkt leyfi verður aðeins veitt ef félag sem óskar eftir að senda slíkt lið til keppni hefur sent inn rökstutt erindi til mótanefndar þar sem félagið hefur rökstutt með fullnægjandi hætti að mati mótanefndar að ástæða sé til að veita slíkt leyfi að teknu tilliti til meðal annars getu og/eða framþróunar liðs og/eða leikmanna sem sótt er um fyrir. Ef sótt er um slíkt leyfi fyrir lið geta leikmenn þess almennt ekki keppt bæði í flokki karla og kvenna en þó er það mögulegt ef um er að ræða tilfærslu á einstökum leikmönnum á milli liða. Blönduð lið eða lið af gagnstæðu kyni geta keppt á öllum mótum í tilteknum flokki nema í úrslitamótum þar sem endanlega er keppt um Íslandsmeistaratitil. Hafi slíkt lið áunnið sér sæti á slíku móti skal færa upp það lið sem næst kemur að stigum fyrir úrslitamót. Leyfi mótanefndar samkvæmt framangreindu tekur ekki til keppni í Bikarkeppnum KKÍ.

[...]

F.h. kkd. UMFK
Vésteinn Sveinsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



54. Körfuknattleiksping

13. mars 2021 · Reykjavík

Þingskjal nr. 4

AFREKSSTEFNA KKÍ 2021-2025

Hlutverk KKÍ

Hlutverk KKÍ er að auka áhuga og þátttöku á körfuknattleiksíþróttinni með því að halda úti öflugum afreksstarfi frá 14 ára aldri. Ein leið til að auka áhuga og þátttöku er að senda sem flest landslið KKÍ í Norðurlandamót og Evrópukeppnir á hverju ári og er það því bæði markmið og skylda sambandsins að auka þátttöku landsliða á erlendum vettvangi. Með því er verið að búa til fyrirmyndir sem stuðla að frekari þátttöku í íþróttinni. KKÍ stuðlar þannig að því að körfuknattleiksíþróttin eignist sem flesta atvinnumenn, sem er nauðsynlegt til að hámarka árangur í elstu aldursflokkinum á alþjóðavettvangi.

Afreksnefnd

Afreksnefnd er ráðgefandi til stjórnar KKÍ og tekur á öllu þáttum í afreksmálum sambandsins eins og um ráðningar landsliðspjálfa, val á alþjóðalegum verkefnum landsliðanna, afreksáætlun og fleira.

Formaður afreksnefndar ásamt tveim nefndarmönnum koma úr stjórn sambandsins en fjórir meðstjórnendur eru skipaðir af stjórn að loknu körfuknattleikspingi, sem haldið er á tveggja ára fresti. Stefna stjórnar er að velja aðila í Afreksnefnd sem eru fyrrverandi afreksfólk, þjálfarar og/eða einstaklingar með mikla reynslu í stjórn afreksmála. Formaður KKÍ og afreksstjóri sitja einnig fundi Afreksnefndar sem haldnir eru a.m.k. einu sinni í mánuði allt árið um kring. Afreksnefnd leggur áherslu á að fræðsla til þjálfara sé aukin og fundar í því sambandi með fræðslunefnd eins og þurfa þykir. Skilyrði fyrir því að hægt sé að auka árangur í afreksstarfinu er góð og markviss þjálfun barna og unglinga.

Stjórn KKÍ ræður yfirþjálfara yngri landsliða að tillögu Afreksnefndar. Yfirþjálfari yngri landsliða er faglegur ráðgjafi Afreksnefndar og annast samskipti við þjálfara yngri landsliða varðandi m.a. skipulag æfinga, æfingamagn, val á leikmönnum og skipulag liða, jafnt innan vallar sem utan. Yfirþjálfari hefur jafnframt eftirlit með með því að þjálfarar framfylgi áherslum Afreksnefndar hverju sinni.

KKÍ skilgreinir alla iðkendur sem valdir eru til æfinga með landsliðum sambandsins sem afreksíþróttafólk.

Afreksnefnd stendur fyrir eftirfarandi verkefnum:

Undirbúningsferli [ekki innan afreksstarfs]

Úrvalsbúðir fyrir 11 til 13 ára haldnar tvisvar á ári þar sem iðkendur eru tilnefndir af þjálfurum sinna félaga.

Afreksbúðir 14 ára

Afreksbúðir fyrir 14 ára haldnar tvisvar á ári þar sem framúrskarandi 50-60 iðkendur eru valdir til þátttöku af landsliðsþjálfurum KKÍ.

15 ára landslið stúlkna og drengja [U15]

Fyrsta stigið í uppeldi landsliðsfólks. Hér fær efnilegt ungt íþróttafólk innsýn í hvernig það er að vera þátttakandi í landsliði KKÍ. U15 ára landslið hafa síðastliðin ár farið á alþjóðlegt mót í Kaupmannahöfn sem er opið mót og mjög góður fyrsti keppnisvettvangur fyrir landsliðin okkar.

16 ára landslið stúlkna og drengja [U16]

Þessi lið hafa farið árlega á Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni yngri landsliða á vegum FIBA. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu, menntun og reynslu í þjálfun barna og unglinga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla á að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar- og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta þar semagi og faglegheit eru sambærileg og hjá eldri landsliðum.

18 ára landslið stúlkna og drengja [U18]

Þessi lið hafa farið árlega í Norðurlandamót og stefnt er að því að liðin taki sömuleiðis reglulega þátt í Evrópukeppni yngri landsliða á vegum FIBA. Gerð er krafa um að þjálfarar séu með góða þekkingu, menntun og reynslu í þjálfun barna og unglinga og séu fagmannlegir í vali á leikmönnum. Lögð er áhersla á að þjálfarar kynni áherslur KKÍ í varnar- og sóknarleik til að undirbúa landsliðsfólkið fyrir framtíðina. Stefnt er að því að hafa umgjörðina sem besta þar semagi og faglegheit eru sambærileg og hjá eldri landsliðum.

20 ára landslið kvenna og karla [U20]

Undirbúningur fyrir síðasta stig afreksstarfsins. Lögð er áhersla á sambærilega umgjörð og hjá A-landsliðum. Aðalþjálfari liðanna skal vinna í samstarfi við þjálfarateymi A-landsliða og leggja áhersla á að hafa sömu áherslur í sóknar- og varnarleik þannig að auðvelt sé fyrir leikmenn að stíga næsta skrefið sem er þátttaka í A-landsliðsstarfi KKÍ.

A-landslið kvenna og karla.

Síðasta stig afreksstarfsins. Hér er lögð áhersla á að hámarka árangur. Markmiðið er að velja besta liðið hverju sinni og senda bæði liðin í sem flest mót, heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni og Norðurlandamót.

Þjálfaramál

Þjálfarar á vegum landsliða KKÍ þurfa að búa yfir menntun frá menntakerfi körfuknattleiksþjálfara til að geta starfað á vegum KKÍ. Miklar kröfur er gerðar til þeirra þjálfara sem veljast til starfa fyrir KKÍ enda fylgir því mikil ábyrgða að vinna með ungu og efnilegu afreksfólki.

Dómaramál

Stefnt er að því að KKÍ eigi 6 starfandi alþjóðlega dómara, 3 eftirlitsmenn og 2 leiðbeindur hverju sinni.

Fjármögnun

KKÍ nýtur styrkja frá afrekssjóði ÍSÍ eins og önnur sérsambönd sem halda úti afreksstarfi á Íslandi. Fer upphæðin eftir stærð sjóðsins, umfangi verkefna og fjölda umsókna í sjóðinn. FIBA Europe styrkir yngri landslið vegna þátttöku í Evrópukeppnum. Því miður þurfa þátttakendur yngri landsliða ennþá að greiða hluta kostnaðar vegna þátttöku í erlendum verkefnum. Einnig hefur KKÍ markvisst unnið að því að fjölga styrktaraðilum sambandsins. Langtímastefnan er að landsliðin verð sjálfbær með styrkjum frá afrekssjóði ÍSÍ, FIBA, FIBA Europe og innlendum styrktaraðilum.

Aðstaða

Eitt helsta vandamál afreksstarfsins og kostar KKÍ mikla vinnu er að finna æfingatíma fyrir landsliðin. Leitað er til íþróttafélaga, bæjarfélaga og héraðssambanda um aðstöðu. Heimaleikir A-landsliðs kvenna og karla fara að öllu jöfnu fram í Laugardalshöll en það er því miður ekki hægt að slá því föstu að aðstaðan í Laugardalshöll sé til taks vegna annarrar starfsemi sem þar fer fram.

Fagteymi

KKÍ hefur samið við Atlas endurhæfingu um umsjón með sjúkraþjálfun og íþróttalækningum landsliða sambandsins. Fjöldi fagteymisstarfsfólks sem ferðast með landsliðunum fer eftir stærð verkefna. Atlas endurhæfing hefur milligöngu um aðgang að sérfræðingum í íþróttalækningum sem hægt er að senda landsliðsfólkið til ef meiðsli eru alvarleg eða þrálát. Sjúkraþjálfari er til staðar á öllum æfingum A-landsliða kvenna og karla. KKÍ hefur notað sálfræðiteymi ÍSÍ þegar þess er þörf. Einnig hefur verið unnið með fræðasamfélaginu að því að auka almenna fræðslu til alls landsliðsfólks eins og næringarráðgjöf, styrktar- og hugarþjálfun.

Framtíðarsýn

Helsta verkefnið er að tryggja fjármögnun til lengri tíma. Framtíðarstefnan er að foreldrar yngri landsliðsfólks þurfi ekki að leggja fram fjármagn vegna þátttöku í afreksstarfi KKÍ. Því miður er það staðreynd að sambandið þarf að treysta því að foreldrar séu reiðubúnir að taka þátt í kostnaði. KKÍ hvetur til uppbyggingar afreksmiðstöðvar í Laugardal þar sem aðstaða verður til æfinga og keppni fyrir öll landslið. Markmiðið er að öll landslið KKÍ taki þátt í Norðurlanda- og Evrópumótum ásamt því að A-landsliðin taki þátt í Norðurlandamótum og undankeppnum fyrir Evrópu- og heimsmeistaramót. KKÍ stefnir að því að halda áfram að leggja áherslu á fræðslu til síns afreksfólks bæði á svið andlegrar og líkamlegrar þjálfunar. Markmið KKÍ er að dreifa þeirri þekkingu sem afreksfólkið okkar

kynnist í gegnum afreksstarfið til aðildarfélaga m.a. í gegnum leikmenn, þjálfara og aðstandendur.

Árangur á Evrópu- og heimsmeistaramótum sker úr um það hvort liðin komast á Ólympíuleika. Stefnt skal að því að komast á lokamót Evrópukeppninnar með A-landslíð kvenna 2025 og aftur með A-landslíð karla 2023.

Hlutverk og meginstefna KKÍ er að fjölga iðkendum sem iðka körfuknattleik með góðri samvinnu allra aðildarfélaga KKÍ.

Afreksstefna þessi gildir fram að næsta Körfuknattleikspingi vorið 2023.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



54. Körfuknattleiksping

13. mars 2021 · Reykjavík

Þingskjal nr. 5

Fjárhagsáætlun 2021

Tekjur:

1. Framlög og styrkir	76,420,000
2. Tekjur af mótum	16,250,000
3. Auglýsingatekjur	36,800,000
4. Afreksstarf	50,864,000
5. Fræðslustarf	1,500,000
6. Aðrar tekjur	50,200,000
<i>Samtals tekjur:</i>	<u>232,034,000</u>

Gjöld:

7. Yfirstjórn	53,460,000
8. Afreksstarf	113,400,000
9. Kostnaður vegna móta	5,275,000
10. Fræðslustarf	2,600,000
11. Rekstur mannvirkja	2,540,000
13. Önnur gjöld	47,500,000
14. Fjármagnsliðir	-1,380,000
<i>Samtals gjöld:</i>	<u>223,395,000</u>

Hagnaður (tap)

8,639,000

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglnanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld

